I. Fyrreglur þær, sem um víxlskiftabréf gilda, eru miðaðar við það, að bréf þessi eru oft ætluð til þess að gangá manna á milli og flytja með sér réttindi. Víxlskifta öryggið hvílir, á því megi treysta, sem á þeim stendur og skuldbindingar þær, sem þau hverna frá, séu slíkar, sem þau segja. Þessi höfuðregla felst og í lagaboðum þeim, sem um þetta fjalla sbr. Tskp. 9. febr. 1798 þar sem eru helstu lagafyrirmæli, er hér skifta máli. 'Í § 1 segir, að til þess að hvíthafinn fyrir afborgunum af höfuðstól sín gildar gagnvart þeim, er fyrir „viðsetningu, framsal eða á annan löglegan hátt eru orðnir réttmætir handhafar að skuldabréfi", þá þurfi að rita þar á bréfið sjálft. Þó að hér sé raunar einungis nefnd ein mótbára af mörgum, sem skuldari getur komið fram með gegn skuld, þá virðist hér vera stuðst fyrir þeirri grundvallarreglu, að skuldari þurfi að rita, eða sjá um að ritaðar séu, á bréfið sjálft allar þar takmarkanir eða skilyrði, sem hann setur skuldbindingu sinni. Þessa ályktun styður og úrdalag 8. 18.1887 § 7, sem byggir það á „grundvallarreglum ríkjandi laga", að viðsetningu þurfi að rita á víxlskiftabréfið sjálf. Þetta fyrirmæli svarar að vísu ekki beinlínis efni þess, sem hér skal leyst úr, en með tilvitnunum í þessar grundvallarreglur laga á það einmitt við þar grundvallarreglur, sem hér verður og að ályktta frá.

Um þessum grundvallarreglum, sem séu líkt á litið og

Réttara væri að segja að líklegt væri, að þá í Tskp. 1798 § 2 sé einungis ein mótbára nefnd þá sé sennilegt, að af því ályk. megi draga, að þessar aðrar mótbárur falli niður.

lagareglur benda til, verður þó að setja nokkuð takmörk vegna tillitsins til skuldara. Því að þó viðskiptaöryggið sé mikilvægt má þó eigi þess vegna svipta skuldaranum alla réttarvernd gagnvart áletruðum bréfa þessara, en þó má auðvitað ekki ~~taka~~ skerða viðskiptaöryggið meira en beinn ástæða er til. Stundum getur stoðið svo á, að skuldara sé ómögulegt að láta réttmætan mótbárur sínar sjást af bréfinu og virðist sanngjarnt gagnvart honum, að þeim mótbárum haldi hann. Þá verður að leggja hér á almennan matikvarða, og dugar ekki, að sú mótbára komi skuldara að haldi, sem í einmælis á alveg sérstökum tilfellum er ómögulegt að gefa til kynna á bréfinu, ef almennt er hægt að koma þeim á bréfin. Því að með því, að taka fult tillit til einstakra tilfella yrði réttaröryggið skert um of. Og jafnvel þó vissar mótbárur sé að jafnaði ekki unt að gefa til kynna á bréfunum, þá getur viðskiptaöryggið krafist þess að einstakar tegundir þeirra glatist. Þessar reglur eru sem sé eigi svo ábyggnar að þeim sé hægt að slá föstum í eitt skipti fyrir öll í öllum hugsanlegum tilfellum, en hinsvegar er mikil stoð að þeim til leiðbeiningar, þegar rætt er um einstaka mótbárufloka.

Þess skal þegar getið, að mótbárur geta einmælis tapast gagnvart þeim, sem borna fíde eru, og af framsalshafi verð eða á að vita um það, sem skuldbindingin er á fátt, virðist skuldari geta komið mótbárum sínum að. En hinsvegar getur t.d. auglýsing í blöðum ekki komið í stað áletrunar á bréfið, þó að slík auglýsing verði fyrirfram talin útilokaði góða trú framsalshafa.

Auk þess má vera að sérstaka áskrift leiði til þess at mótbárur, sem alm. er hægt að áta bréfið sjálfu, hverfist þó þeim sé eigi getið á bréfunum.

II. En þá rétt að athuga nokkuð, hvernig mótbárur skuldara mundi helst koma upp og hvernig koma í kornum að kalla. Verður þá fyrsta að líta á þær, sem sverta stofnun kröfunnar og síðan þær, er líta að því að hún sé lítin eða ólögl.

1. Skuldara stoða auðvitað ekkert þær mótbárur gagnvart síðari framsalshöfum, sem hann gat ekki komið fram gegn þeim, er skuldaraglýsingunni fekk líðá honum; enda má segja að slíkum mótbárum gleti hann ekki, því að þær hafi aldrei verið gildar.

Það er almenn regla, að glýsingar og loforð ólögráðra manna, hvort heldur vegna aðra eða lögráðaríkisstofnanir, binda þá ekki. Segja má, að mótbárur af þessum sökum megi gefa til kynna á viðskiptabréfinu, og eigi þær því að glatast. En þær ástæður, sem venjulega ógilda loforð þessara manna, nýtast aldrei eins eiga við þá þeir riti skuldbindingu sína í viðskiptabréfsformi. En því eigi ástæða til að ætla, að löggjöfin mundi ætlast til að þeir gjaldi vanþroska síns hér þrekaðr er annars, og mun þess vegna heimilt að koma mótbárum fram, sem byggðar eru á þessum ástæðum.

Ef viðskiptabréf er falsað eða eitthvað í því, þá getur sá, sem skuldaraumar er kröfunn, auðvitað komið fram mótbárum á þeim grundvelli svo langt, sem fölsunin nær, enda er nú þeir því gert í ákvæðunum um þau viðskiptabréf, sem strangastar reglur gilda um, sem sé víxla, sbr. d. 1.1881 § 88 og d. d. 1881 § 33a. Af sömu ástæðum er hægt að bera fram mótbárur vegna þess að skuldbindingin hafi verið komið fram með líkamlegan ofbeldi, og glatast þær því ekki.x) Sama máli víkur og

x) Hægt að koma þeim mótbárum at einnig gegn einum upphafl. loforðsmóttakanda, og þótt þó hann sé bona fide.

„kompulsiv þvingun" hljóta að gagna. Þar er skuldara oftast ómögulegt að láta það sjást á bréfinu með hverjum hætti það er til orðið, en á hinn bóginn munar þessi tilfelli eigi svo lítið, að þau skerði réttaröryggið verulega.

Viljaberstur og vangar og hvorstnar forsendur ógilda venjulega loforð þvi aðeins, að borna fides sé talin útilokuð hjá viðsemjanda. En við framsal á víxlskiftabréfi kemur þetta aðvitað ekki til mála, nema skuldari hafi látið einhverja þýðingarvera um þetta efni í ljósi á bréfinu sjálfu, og það ætti honum yfirleitt að vera unt. Mótbárur af þessum sökum gleymast þvi yfirleitt, (nema sýnanlegt hafi af öðrum ástæðum sé mala fide, sbr. það, sem áður var sagt).

Nokkuð meira vafi leikur á gildi mótbáru vegna þess, að skuldbindingin hafi verið gefin vegna svika upphafslegs skuldareiganda. Skuldari hefur venjulega ekki ástæðu til að geta um þetta á bréfinu sjálfu, en hinsvegar mundi það skerða víxlskiftaöryggið nokkuð, ef mótbáran gleymdist ekki hér, og víðtist að öllu athugaðu, að rétt sé, að þessi mótbára gleymist.

Svika gera loforð þvi að eins ógilt, að þau hafi verið höfð í frammi um eitthvert það atriði, sem var áhvörðunarástæða fyrir loforðsgjafa, en honum á að vera unt að láta þann atriði sjást á bréfinu, og þessvegna er þetta eigi always rétt sem hér segir (þetta er ekki vafasamt)

Mótbárum, sem byggðar eru á hagræði því, sem veitt er í N.L. 5-1-7 ólæsum eða óskrifandi mönnum, gleymast þeir ef ekki sést á bréfinu, að þeir hafi verið svo, enda á þeim oftast að vera bagt að láta ganga svo frá bréfinu, LG. að það sjáist

Venjulega er talið, að loforð, sem gefið er og beint til óvita, útiundanskilins manns o.fl.h. bindi loforðsgjafa ekki. Ósannindagt er nú að vísu, að þetta ógildi gildi lítið nú til þess, að loforðsgef.

gefi skriflega yfirlýsingu, en jafnvel þó svo væri ~~[illegible]~~ mundi slík mótbára glatast gegn síðari framsalshafa.

Þó að skuldaryfirlýsingin væri sprottin af einhverjum ólöglegum viðskiptum, svo að loforð skuldara væri þessvegna ekki skuldbindandi gagnvart viðsemjanda hans, þá glatar hann þeirri mótbáru eftirsit við framsal bréfsins, því að eigi virðist hér vera svo rík ástæða til að verunda hann, að þessvegna sé rétt að skerða viðskiptaöryggið.

Hér er þess og að geta að þó viðskipti sem ólöglega þá/ mundu peningaloforðið ut af fyrir sig oftast vera löglegt.

2. Að því, er þau mótbárur snertir, sem eiga við það, að skuldin sé fallin niður, má geta þessa: Í Tilk. 9. febr. 1798 er beinlínis ákveðið að kröfuhafi greiðslu á skuldinni þurfi að rita á bréfið, til að þeirri mótbáru megi koma fram. Í § 3 er þó undantekning með vexti. Sama máli og um greiðslu virðist niðurfall vegna uppgjafar hljóta að gegna.

Mótbárur vegna þess, að skuld sé fallin niður við skuldajöfnuð, falla niður ef þær eru ekki ritaðar á bréfið eða kæmu undan framsalshafa á annan hátt, sbr. það, sem fyr er sagt; um í L. 7. 1894 § 20 i. f. virðist ekki heimilt að leggja meira en þetta.

Skuldbindingu getur breytt vegna mora creditoris, og er ekkert á móti þá breytingu sjáist á bréfinu, en hér er það líkt vafa meira, að ef mótbárur vegna þess glötuðust ekki, mundi það hafa verulega skerðingu á viðskiptagildi í för með sér, og er því talið að slíkar mótbárur glatist.

Mótbárur, sem koma af því, að kröfuhafi falli niður, vegna tómlætis, sem leiða af gerningum, sem stofnað hans, falla niður af þeirra er ekki getið á bréfinu. Sama máli gegnir um

„konfusion". Þar mótbárur á að vera hægt að láta sjást af bréfinu.

Almennur ómögulegleiki hennar kem eflileitt ekki til mála, en þar sem hann er hugsanlegur, um farmskírteini, gletast hann ekki mótbárur hans vegna. Þar tilfelli að skuldbinding falli niður, vegna þess að hagsmunir skuldara krefjast þess, eru mjög fá og koma ekki til greina við víxlskiftabréf.

Mótbárur vegna þess að skuldin er fyrnd eða prælkuðuð falla ekki niður. Ekki heldur vegna þess að skuldin hefur borgast við dóm. Sama máli gegnir og um mútasamninga.

Ef víxlskiftabréf hefur komist í hendur skuldara sonkr. því, án hans tilverknaðar, hvort heldur er áður en hann hefur afhent það viðkom. eða eftir að hann hefur greitt, tapar hann mótbárum þess vegna, ef á bréfinu er framsal frá honum. Sama máli gegnir um handhafabréf og um víxla, jafnvel þó framsalið sé falsað, sbr. L. 1-1884 § 76. En þar sem framsal frá honum annars er falsað tapar hann mótbárunni ekki.

3 þó framsal sé bannað: skuldabréfi eða víxlskiftabréfi; þarf það oft ekki að ítiloka framsal, en seiftin hinsvegar framsalshafa rokkurum frekari rétti, en hinn upphaflegi skuldaraigandi hafði. Ef þessa banns er eigi getið: bréfinu hefur það engin áhrif.

Loks má geta þess, að hafi skuldari sett um, á áletrun um eithvað efni sett á bréfið, þá glatar hann ekki mótbárum út af því, þótt síðar hafi verið vanalega munin brent þessi áletrun.

Bjarni Benediktsson.

Pétur Benediktsson

Hvað er kvittun, og hvaða þýðingu hefir hún?

I. Kvittun er viðurkenning, oftast skrifleg, af hálfu ~~skuld~~ kröfuhafa eða þess, sem kemur fram í hans kröfuhafa, um það, að skuldbindingu hafi verið fullnægt. – Skal athugað nokkru nánar, hvað í þessari skýrgreining felst.

1. Kvittun er viðurkenning á því, að skuldbindingu hafi verið fullnægt. Skuldbindingin þarf ekki að hafa verið um greiðslu á verðmæti af neinni sérstakri tegund, t.d. peningum. „Viðurkenning" sú um viðtöku vöru, sem um ræðir í 144. gr. sigl. nr. 56 1914 væri t.d. kvittun um það, að skipstjóri hefði fullnægt skyldu sinni um að afhenda vöruna. Hægt er að kvitta fyrir greiðslu í hverskyns hlutum og eins vinnu, sem í té hefir verið látin, o. s. frv. En það leiðir af eðli málsins, að um fjárverðmæti þarf að vera að ræða, til þess að reglur kröfuréttarins geti komið til greina.

2. Kvittunin þarf að vera um það, að skuldbindingu hafi verið fullnægt. Í því þarf vitanlega ekki að felast, að skuldbindingunni sé fullnægt að öllu leyti, heldur aðeins svo langt, sem kvittunin nær. – En af því, að kvittun þurfi að vera um fullnægju skuldbindingar, leiðir

að hún getur út af fyrir sig ekki leitt til stofnunar réttarsambands. Málvenja um þetta atriði er þó ekki vel glögg, því að sum skjöl eru nefnd kvittanir, þótt þau miði fyrst og fremst að stofnun réttar. Má t.d. nefna „kvittun" fyrir peningum, sem lagðir eru á hlaupareikning í banka. Aðalþýðing þess skjals er sú, að það sannar rétt manns til endurgreiðslu frá bankanum. Svipað er um „póstkvittun", er menn fá, er þeir afhenda t.d. ábyrgðarbréf til flutnings með pósti. Þar er viðurkenning á því að hafa tekið við þessu verðmæti með loforði um og ábyrgð á, að það komist til skila, það, sem mestu máli skiptir. Auðvitað má í þessum tilvikum segja, að á undan afhending peninganna eða bréfsins gangi þegjandi samningur, um að bankinn fái peningana til ávöxtunar og pósthúsið bréfið til umsömunar. Sé kvittunin síðan um það, að viðtakandi þeirra hafi leyst sína skyldu af hendi með afhendingunni, og um póstkvittunina jafnframt með greiðslu burðargjalds. En þótt þessar skýringar væri metnar gildar, eru yfirlýsingarnar ekki kvittanir nema að nýjög litlu leyti, og hlýta fyrst og fremst öðrum réttarreglum. – Víða er í lögum talað um

kvittanir, t.d. í tsk. 9. febr. 1798, í víxill. nr. 1 1882, 38. gr., í sigll. 1914, 188. gr. Á öllum þessum stöðum, sem eru einna þýðingarmest lagaboð um kvittanir (sbr. kaflann um þýðingu kvittana), er aðeins talað um kvittun sem viðurkenningu á fullnægingu kröfuréttinda. Er því eðlilegast að halda þeirri skýrgreiningu. Enda yrði hugtakið svo víð, ef henni væri ekki haldið, að undir kvittun kæmust hvers kyns viðurkenningar á móttöku, sem væri ~~svo~~ mismunandi eðlis að flestu leyti, sakir þess réttarsambands, er þær miða til að stofna.

3. Kvittunin þarf að vera út gefin af kröfuhafa eða þeim, sem kemur fram sem kröfuhafi. Í því felst sú takmörkun, að maður getur ekki kvittað fyrir greiðslu til annars en sjálfs sín eða umboðsmanns sín. Vitni, sem seju mann borga skuld, gætu ekki gefið honum kvittun, þótt vitnisburður þeirra gæti auðvitað skipt máli. Um umboð viðtakanda og persónuleg skilyrði verður rætt undir kaflanum um þýðing kvittanar.

4. Viðurkenning þarf nærri alltaf að vera skrifleg, til að geta kallast kvittun. Undantekningar mundu aðeins ná til þeirra skýlausu viðurkenninga, sem sérstök venja heimilaði að gefa út á annan hátt, t.d. með

nafni kröfuhafa stimpluðu, vélrituðu eða prentuðu undir. Þessar undanþágur eru fátíðar, og helst um tiltölulega lítilsverða hluti, blaðakvittanir, árgjaldakvittanir o.þ.h. Venjulega mundi vera rétt að telja þær fullgildar. — Sumir telja, að kröfum geti verið munnleg eða jafnvel þegjandi. Víst er um það, að á þann hátt má veita fulla viðurkenning fyrir fullnægingu skuldbindingar. En reglur þær, er gilda um kröfum sem sönnunargagn og ~~kröfuna um~~ heimting greiðanda á kröfum, ná ekki til munnlegra og þeirsiðu „þegjandi" „kröfuna". Er því réttast að hafa þær alls ekki í huga okkar, þótt þá aðferð mætti og hafa, að tala um þær sér í lagi.

II. Þýðing kröfunnar.

A. 1. Það er almenn regla, að skuldari getur haldið greiðslu sinni, uns hann fer kröfum, ~~sbr.~~ tsk. 1798, 1. gr. og víxill., 38. gr.; bakar það honum enga ábyrgð, ef hann hefir boðið fram greiðsluna, og jafnvel þarf hann þá ekki að svara vöxtum af skuldinni, eða öðru leigugjaldi. - Undanþágur geta verið frá þessari kröfuskyldu þar sem viðskiptavenja hefir skapast í þá átt, einkum við smávægilegt viðskipti, er hönd

selur hendi. En vitanlega er viðtakandi ekki skyldur til að ~~greiða~~ geta fyrirvaralaus a kvittun. Getur hann haft í henni hvers kyns fyrirvara, sem ekki kemur í bága við það, að sú greiðsla hafi verið af hendi látin, er um ræðir.

2. Ömmur aðalþýðing kvittunar er réttarfarslegs eðlis og byggist á því, að hún er skyld, með undirskrift þess, er fram kemur sem kröfuhafi. Skv. N. L. 5-1-6 verður maður, er hann vill neita undirskrift undir skjal, sem honum er eignuð, að synja fyrir hana með eiði sínum. Er þetta gagnstætt hinni almennu reglu, að menn verði að sanna fullyrðingar sínar. Sá, sem fengið hefir kvittun fyrir greiðslu, er að því leyti betur settur en hinn, er aðeins fekk munnlega eða þegjandi viðurkenningu, að hann þarf ekki að sanna réttmæti hennar. Ef útgefandi, eða sá, sem sagður er útgefandi, vill ónýta kvittun, þarf hann að sanna þau atvik, er sú krafa byggist á.

3. Skuldari losnar undan skuldbindingu sinni með því að greiða manni, er fer honum kvittun frá réttum kröfuhafa um viðskiptabréf. Má jafnvel líta svo á, að þetta gildi, þótt kvittunin sé fölsuð, ef ~~greiðandi~~ greiðandi er bona fide. Að þessu leyti felst í kvittunimni umboð til

að taka við greiðslu, og er umboð þetta nýðg algengt, sbr. rukkarastéttina.

4. Það var sagt hér að framan, að kvittun ætti að vera um það, að skuldbindingu hafi verið fullnægt. En þótt hún hljóði á þenna hátt, getur hún oft haft þá þýðingu, að vera ráðstöfun á skuldinni eða skuldbindingunni, einkum eftirgjöf að meira eða minna leyti. Svona mundi að jafnaði mega líta á, ef ekki væri sönnuð atvik, er sýndu, að skuldari hefði ekki getað vænst þessarar þýðingar, sem góður og skynsamur maður. — Þegar kvittun hefir slíka ráðstöfun í sér fólgna, þarf hún auðvitað að vera komin til viðtakandans fyrir tilstilli útgefandans, ef hún á að hafa gildi. - Ef látinn maður lætur eftir sig kvittuð skuldabréf eða kvittanir fyrir öðrum skuldbindingum, sem þó eru eigi fullnægt þer um gildi þeirra sem ráðstafana mortis causa.

5. Það er hugsanlegt, að mörg skuldaskifti sé milli sönnu aðilja. Ef skuldari greiðir þá t.d. einhverja peningaupphæð, og ekki er tekið fram í kvittun, til greiðslu á hvaða skuld hún verði talin, er skuldara að jafnaði frjálst að kjósa, hvaða skuld hann telur sig hafa greitt. Þó geta ýms atvik bent til þess, að um sérstaka skuld sé að ræða, og

að um aðra geti ekki verið að ræða. Ein skuldin er t.d. fallin í gjalddaga, önnur ekki; upphæðin er nákvæmlega fyrir einni skuldinni, ein er samningsbundin og önnur ekki o.s.frv.

B. Undantekningar geta verið frá því, að kvittanir hafi það gildi, er að framan greinir. Leiðir þar sumpart af almennum reglum laga, sumpart af sérstökum lagaákvæðum, og geta ýmist rýrt gildi kvittanar eða ónýtt hana með öllu.

1. Almennar reglur gilda um það, ef kvittari er ólögráður, ef hann notar umboðsmann o.s.frv. Koma þar fyrst og fremst til greina um kvittanir, er fela í sér uppgjöf skuldbindingar. Með því að reglurnar eru hinar sömu um kvittanir og aðrar ~~skuldbindingar~~ yfirlýsingar er eigi ástæða til að lýsa þeim hér.

Sama er, ef kvittun er út gefin af heimildarlausum manni.

2. Þákist kröfuhafa að samna, að forsendur fyrir kvittun hafi brostið, nægir það til að ónýta hana. En í því efni er sérstaklega athugandi, að ekki nægir altaf að sanna að greiðsla hafi ekki farið fram, sbr. það sem áður er sagt.

3. Eftir 2.gr. tsk. 9. febr. 1798 er gerð sú undantekning um skuldabréf (og analogice um önnur viðskiptabréf), að

kvittun um afborganir verði að rítast á þau sjálf, ef hún á að hafa gildi gagnvart öðrum en þeim, sem gaf hana út. Þessi regla gildir eigi um vexti af viðskiptabréfum, sem í gjalddaga eru fallnir.

4. Undantekning sú, er síðast var lýst, gildir að sjálfsögðu um víxla, sbr. 38. gr. víxilb. En skv. 40. gr. þeirra laga skal sá, sem leysir til sín víxil fyrir gjalddaga (og þar hann kvittaðan) skylduð að svara til skaða þess, er af hlýst, ef „það reynist síðar, að borgun sé greidd heimildarlausum handhafa." Hann getur þá þurft að greiða víxilinn aftur, enda þótt hann hafi leyst hann til sín frá manni, er hafði formlega löglega heimild.

5. Um víxla gildir og sú regla, sem er strangari en um viðskiptabréf almennt, að í víxilmáli geta menn ekki borið við þeirri vörn, að víxillinn sé greiddur, jafnvel þótt kvittun sé fram lögð á lausu blaði, þá þeim er málið höfðar, víxilmálal. nr. 2-1882. – Hliðstæðar reglur gilda um tékka, L 38/1901, 15. gr.

November 1928

Pétur Benediktsson

Um hugtakið kaup og greining þess frá öðrum samningstegundum.

I. Kaup er einhver algengasta tegund samninga, en þó er það hvergi skýrgreint í lögum, hvað í hugtakinu felist. Í lögunum um lausafjárkaup er t.d. aðeins skilgreining kaups og verksamnings og ennfremur gert ráð fyrir, að kaup og skipti sé mismunandi samningstegundir, sjá L 39/1922 §2. Um skýrgreiningu kaups verður því að mestu að fara eftir því, sem málvenja segir til og þeim lögvenjum, sem myndast hafa.

Skal nú reynt að gera grein fyrir þessu. Verður fyrst minst á aðilja kaups, stofnun þess, „object" kaups, endurgjaldið og loks efni samningsins að öðru leyti, eftir því sem þörf til skilgreiningar kaups og annara samningstegunda.

II. 1. Kaup er tvíhliða samningur og nefnast aðiljar þess kaupandi og seljandi. Leggur samningurinn þeim báðum skyldur á herðar, eins og nánar verður að vikið. Reglurnar um það, hverjir megi vera aðiljar kaups eru í engu frábrugðnar almennum samningareglum. (Menn verða því að vera fjárráðir til að ráðstafa öðru en sjálfsafla-fé sínu eða gjöfum til frjálsra umráða). - Í einstökum lögum eru að vísu gerðar takmarkanir á því, hverjir kaupa megi og selja ýmisleg verðmæti, sjá t.d. L 64/1928 §§2 og 9 um áfengi, og L 63/1919 §1, sem takmarkar rétt manna búsettra erlendis til að ~~eiga~~ kaupa hér fasteignir; ennfremur ýms lög um einkasölur. Þessi ákvæði gera enga takmörkun á hugtakinu kaup. Þótt samningur, sem brjóta bág við þau, njóti ekki lögverndar og

sé einatt refsiverðir, eru þeir kaupsamningar eftir sem áður.

2. Um stofnun kaups gilda og almennar reglur. Kaupsamningar þurfa ekki að vera í neinu sérstöku formi, til þess að geta nefnst þá nafni.

3. „Object" kaups, eða það verðmæti, sem seljandi lætur af hendi, geta allir hlutir verið, jafnt fasteignir sem lausafé, hlutir sem eru til og hlutir sem eiga að verða til, einstaklega ákveðnir hlutir og ákveðnir eftir tegund.[x] Einkaréttindi má og selja, svo sem firmarétt (L 42/1903 §13), vörumerki (L 43/1903 §9), einkaleyfi (L 12/1923 §3), rithöfundarétt~~ur~~ (L 13/1905 §9). – Um rithöfundarétt er ramar vafamál, hvort kaupsamningur verði gerður. Samkv. L 13/1905 er forlagssamningurinn að jafnaði ~~verk-~~ verk-samningur að nokkru leyti, þá að forleggjari skuldbindur sig til að gefa út ritið. En þó sýnist ekkert þá til fyrirstöðu, að gera hreinan kaupsamning um útgáfu rits, þannig, að kaupandi réði þá alveg sjálfur, hvort hann léti prenta ritið. – Þá má selja vatnsréttindi (L 15/1923 §16), veiðiréttindi (L 15/1923 §121.2, Tsk. 20. júní 1849 §4). Takmörkuð hlutaréttindi geta og gengið kaupum og sölum t.d. afnotaréttindi. – Sala á erfðafesturéttri er t.d. mjög tíð. Ekkert er heldur þá til fyrirstöðu, að kaupa megi ítaksrétt, eða að eigandi jarðar kaupi af henni kvöð eða afgjaldsskyldu, sjá t.d. L 54/1921 um sölu á prestsmötu. Önnur takmörkuð hlutaréttindi, – veðréttur, löghaldsréttur, löggeymsluréttur, haldsréttur, – eru og seljanleg, þótt þau hljóti samkvæmt eðli sínu að jafnaði að fylgja með öðrum réttindum. – Þá má selja kröfuréttindi, fyrst og fremst peninga~~fjár~~kröfur, en einnig kröfur samkv. öðrum samningum, jafnvel verksamningum og vinnusamningum. – Hinsvegar verður ~~ekkingarsa~~ samningur um að láta í té vinnu ekki talinn kaupsamningur. Sama er

x sjá þó um peninga undir 4. hér á eftir.

L réttur til

Hvernig?

2/

um samninga um að leysa verk af hendi.

Um skilgreining verksamnings og kaups segir í L 39/1922 § 2.1: „Nú eru hlutir pantaðir, þeir er bína þarf til, og á sá að leggja efnið til, sem hlutinn bjó til, þá skal þóknunin talin kaup." Sýnist þetta ekki þurfa skýringa.

Í lögum er oft bönnuð verslun með ákveðin verðmæti, t.d. aðaregg skv. L 58/1913 § 2, áfengi, sem ekki er undanþága um, L 64/1928 § 45, sbr. § 2 - Sum verðmæti verða ekki seld sem vörunema í sambandi við önnur, sjá t.d. um vörumerki L. 43/1903 § 9, um veiðirétt Tsk. 20. júní 1849 § 4 og L 15/1923 § 121 (sem raunar veitir rýmri heimild). Sjá og það, sem að framan er sagt um það, að ýms ~~hlutaréttindi~~ takmörkuð hlutaréttindi fylgi að jafnaði kröfum. Ennfremur eru samningar oft þrí til fyrirstöðu, að samningar verði gerðir um ýmisleg verðmæti. En þetta takmarkar hugtakið kaup ekki að neinu leyti.

4. Kaupandi á að inna af hendi endurgjald fyrir verðmæti það, er hann fer, og greinir það kaupsamning frá gjafasamningi. Til þess, að um kaup sé að ræða, verður þetta endurgjald að vera ákveðið í peningum. - Ef báðir aðiljar eiga að láta af hendi gjaldgenga peninga, sýnist varla verða talað um kaupsamning. Þá verður ekki úr þrí skorið, hvor er kaupandi og hvor seljandi. - Ef aðrir hlutir en 2. peningar, eða 1. önnur verðmæti eru að endurgjaldi, er ekki talað um kaup, heldur skipti. Stundum getur vitanlega verið nokkur vafi, hvort telja beri samning skipti eða kaup, þrí að endurgjald getur verið ákveðið að nokkru leyti í peningum, og að nokkru í öðrum verðmætum. En það vill til, að skilgreiningin skiptir litlu máli, þrí að íslenskum lögum gilda sömu reglur um þessar samninga tegundir, að flestu eða öllu leyti, sbr. L 39/1922 § 2.2.

5. Kaupsamningi er ætlað að stofna almennan rétt yfir þeim hlut, eða verðmætum, sem hann ræðir um, með þeim einum takmörkunum, sem sérstaklega eru gerðar. Í því liggur munurinn á kaupi og leigu. Leigusamningur heimilar aðeins þann rétt, sem sérstaklega er áskilinn, eða álíta verður fólginn í samningum af því tagi. M.ö.o.: leigusamningurinn gerir aðeins takmörkun á rétti leigusala. – Sumir hafa viljað greina á milli þessara samninga eftir því, hvor hefði áhættuna við það, ef hlutirnir ferst af hendingu (periculum rei). En þetta ~~skiptir~~ eigandinn ~~[illegible]~~ beri þessa áhættu, en ekkert er því til fyrirstöðu, að semja öðruvísi um. Um eina tegund leigusamninga, kúgildaleigur, er það föst regla, að leiðandinn hafi periculum rei. Og líklega væri það gildur kaupsamningur, sem kvæði svo á, að seljandi bæri þessa áhættu lengur eða skemur, eftir að afsal hefði fram farið. – Þá vilja sumir byggja skilgreininguna á því, að kaup sé gert um ótakmarkaðan tíma, en leiga ávalt til takmarkaðs tíma. Þetta verður ekki heldur talið rétt. Til eru leigusamningar um ótakmarkaðan tíma, t.d. erfðafesta, og kaup til takmarkaðs tíma.

Eins og sést af því, sem nú hefir verið sagt, eru takmörk kaups og leigu sín á milli alveg hliðstæð takmörkunum milli eignarréttar og afnotaréttar.

6. Nú hefir verið lýst hugtaks-atriðum þess samnings, sem á að vera kaupsamningur og jafnframt verið drepið á mun kaups og þeirra samningstegunda, er þeir líkjast mest. Þó er rétt að lokum að nefna nokkrar fleiri tegundir samninga og greina þá frá kaupi.

Lán til afnota er frábrugðið kaupi á sama hátt og leiga, – heimilar aðeins takmörkuð umráð hlutar. Einfremur greinist það frá kaupi á sama hátt og gjöf, að það er endurgjaldslaust.

3/

Lán til eignar er að því leyti skylt kaupum, að lánþegi fer almennan umráðarétt hins lánaða verðmætis. Þó er mikill munur á. Höfuðskylda lánþega er að skila aftur hlutum sömu tegundar, þar sem höfuðskylda kaupanda er að greiða peninga. Það er aldrei hugtaksatriði, að peninga eigi að greiða sem endurgjald fyrir lán til eignar. En þegar sú skylda er samfara þeirri samningstegund, er það algerð auka-skylda, og er aðeins uppbót til lánveitanda, fyrir að hafa verið án verðmætanna.

Geymslusamningur er að nokkru vinnusamningur, og greinist þegar að því leyti frá kaupi. Einnig fer geymslan fram í þágu þess, sem hlutinn lætur af hendi, og hann á að gjalda endurgjald fyrir hana, ef um endurgjald er að ræða. Það er og ósamrýmanlegt kaupi. Loks heimilar geymslusamningurinn geymslutaka aðeins takmörkuð umráð hlutarins, nema um depositum irregulare sé að ræða.

III. Skýrgreining kaups sýnist, samkv. framansögðu, mætti vera á þessa leið.

Kaup er samningur tveggja aðilja, þar sem annar, seljandi, lætur af hendi verðmæti, annað en peninga eða vinnu, og hinn, kaupandi, greiðir peninga sem endurgjald, og fer kaupandi almennan rétt yfir hinum seldu verðmætum.

21. oktober 1929.

Pétur Benediktsson

Kaup um ~~réttar~~ verðmæti sem til [illegible]